

1801197

Rósa Sif Jónsdóttir

Frá: Ásta Stefánsdóttir **Sent:** 23.1.2018
Til: Signý Harpa Hjartardóttir
CC:
BCC:
Efni: FW: Gatnakerfi o.fl. í landi Byggðarhorns, Búgarðabyggð, landnr. 197063
Viðhengi: ~WRD000.jpg
Málsnúmer: 1801197

From: Sigurður Sigurðarson [mailto:siggi@netpartar.is]
Sent: Árið 2018, 23. janúar 2018 22:23
To: Gunnar Egilsson ; Ásta Stefánsdóttir ; Jón Tryggvi Guðmundsson
Subject: Gatnakerfi o.fl. í landi Byggðarhorns, Búgarðabyggð, landnr. 197063

EFNI: Gatnakerfi o.fl. í landi Byggðarhorns, Búgarðabyggð, landnr. 197063.

Við skipulag svæðisins í upphafi hafði verið gert ráð fyrir veglagningu, með tilheyrandi gögnustígum, reiðvegum o.þ.h. ásamt opnum og grænum svæðum. Þessi hluti hins skipulagða svæðis, skilgreind sameign nefnd Byggðarhorn land 1, átti síðan sveitarfélagið að yfirtaka, sbr. samning þar um við framkvæmdaraðila.

Árið 2010 keyptum við ofangreint land á uppboði. Uppboðsbeiðandi var sveitarfélagið Árborg og krafan var tilkomin vegna vangoldinna fasteignagjalda. Þetta var einn liður í gjaldþrotaferli þessa svæðis og einn af mörgum hnútum í flækjusögu þess. Við nauðungarsöluna var ekki ljóst að um gatnakerfið væri að ræða, heldur stóðum við og uppboðshaldari í þeirri trú að verið væri að bjóða upp 5 ha. lóð á svæðinu. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós hverslags var og harla óvenjulegt því í raun er um sameign hins skipulagða svæðis að ræða og við vorum þá aðeins eigendur að tveimur lóðum á svæðinu. Meirihluti lóðanna var þá kominn í eigu Fastengis, eignarhaldsfélags Íslandsbanka og svo voru fjórar lóðir í eigu annarra aðila.

Við kaupum fyrst lóðir á svæðinu af skipuleggjendum búgarðabyggjarinnar í góðri trú, skv. þáverandi samþykktu deiliskipulagi. Síðar meir og eftir að við eignumst Byggðarhorn land 1 á uppboði, eignumst við þær lóðir sem Fastengi/Íslandsbanki hafði leyst til sín.

Við höfum síðan við fluttum í Byggðarhorn árið 2009 eða í rúmlega átta ár, séð um viðhald vegarins, þ.e. heflun og snjómokstur. Jafnframt höfum við lagt út töluverðan kostnað við endurnýjun og uppbyggingu vegarins og kaup á efni til endurbóta á veginum.

Við höfum staðið í þó nokkrum viðræðum við Vegagerðina og ávallt mætt því viðhorfi að þetta vegakerfi tilheyrði þeim ekki og þeim bæri ekki að sinna því, þar til loks fyrir um tveimur árum að þeir fengust til að skilgreina hluta vegarins sem héraðsveg. Mest álag á veginn er á þeim hluta er tilheyrir sveitarfélaginu þ.e. frá Votmúlavegi að Gamla Byggðarhorni (eftir að þb. Rauðholts afsalaði sínum hluta vegarins til sveitarfélagsins).

Nú er svo komið að nokkrir aðilar hafa sýnt því áhuga að hefja uppbyggingu á

svæðinu, en það stendur í mönnum hvernig aðkomunni er háttað og eins er ekki fýsilegur kostur að vita ekki hverjar skyldur kunna að verða á þá lagðar varðandi þjónustu og viðhald á umræddu vegakerfi. Ekki getur heldur talist eðlilegt að sú skylda hvíli á okkur áfram, því við erum ekki eigendur alls landsins og ekki aðilar að þeim samningi sem sveitarfélagið gerði á sinum tíma við samþykkt deiliskipulagsins.

Vegargerðin hefur nú loks sýnt því áhuga að taka þátt í þessu verkefni að því tilskyldu að sveitarfélagið komi til móts við þá í verkefninu. Þá erum við tilbúin til að leggja veginn til sveitarfélagsins án endurgjalds, ef það má verða til þess að koma þessu í réttan og eðlilegan farveg til frambúðar.


Við förum því þess á leit við sveitarfélagið að það taki fyrir þetta erindi okkar, þ.e. að við afsöllum þessari sameign til sveitarfélagsins svo hægt verði að hefja eðlilega uppbyggingu á svæðinu

Árborg, 23. janúar 2018

f.h. Netvéla sf.

Aðalheiður Jacobsen

Sigurður Örn Sigurðsson



Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skráir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn eða viðhengi hans á nokkurn hátt, eins og þér er skylt samkvæmt 2. málsgrein 44. greinar, samanber 57. greinar laga númer 107/1999 um fjarskipti. Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti, einnig er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.